



Skólaráð Tjarnarskóla

Fundargerð 20. fundar

1. fundur á skólaárinu 2015-2016

8. desember 2015

Mættir voru : Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, 10. bekk, fulltrúi nemenda
Anika Védís Björnsdóttir, 9. bekk, fulltrúi nemenda
Sigrún Edda Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Helga Júlía Vilhjálmsson, fulltrúi kennara
Björn Halldór Björnsson, fulltrúi foreldra

Ragnheiður Hanson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, boðaði forföll.
Ingibjörg Gréta Gísladóttir, fulltrúi foreldra komst ekki.

Margrét bauð fundarmenn velkomna á fundinn og kynnti nýja fulltrúa, þau Aniku, fulltrúa nemenda og Björn, fulltrúa foreldra.

Dagskrá:

1. Hlutverk skólaráðs.

Margrét lagði fram skjal um hlutverk skólaráðs og fór yfir helstu þætti.

2. Verkefni skólaráðs á síðasta skólaári.

Lagt fram yfirlit um helstu verkefni skólaráðs á síðasta ári og rætt um hvaða línur ætti að leggja á þessu starfsári.

Helstu umræðupunktur:

Fulltrúi nemenda tók upp umræður frá síðasta skólaári, ósk nemenda um að fá að vera inni í úlpum, einnig ósk um að fá frjálsan netaðgang fyrir nemendur og hafa strangari reglur varðandi hátalarana. Sumum finnst óþægilegt þegar einhverjir nemendur taka sig til og spila tónlist í hátölurum í stofum. Það hafa ekki allir sama smekk. (Það er reyndar ekki heimilt að gera þetta en einhverjir gera það samt.) Tillaga að hátalarasnúran fylgi fjarstýringu á skjávarpa. Sú hugmynd kom fram að hafa einar frímínútur í viku þar sem einn tekur að sér að vera DJ. Anika og Rosalie tóku að sér að skipuleggja þetta.

Rætt um símareglur, setja símana í körfu í upphafi tímans? Íþróttir, setja upp klukku í Kvennó til að nemendur þurfi ekki að vera með símann til að fylgjast með tímanum. Hægt að bjóða upp á að hafa körfu, ekki samt að hafa það sem reglu.

Rætt um tengsl við grenndarsamfélagið: Hugmynd kom fram um fara á borgarstjórnarfund, og heimsækja Alþingi (gætum leitað til foreldris í hópnum sem vinnur á Alþingi). Nýttum vel nærsamfélagið í fyrra í tengslum við Evrópuverkefnið. Höfnin er kjörinn vettvangur, væri gaman að kynnast henni betur. Fá gesti í skólann úr nærsamfélaginu.

3. Viðfangsefni skólaráðs á þessu skólaári, áætlun .

Niðurstaða umræðna varð þannig:

Annar fundur á skólaárinu:

Bjóða fulltrúum í nemendaráði á fundinn og fara yfir skóladagatalið í sameiningu til samþykktar.

Þriðji fundur á skólaárinu:

Meginviðfangsefnið verði í tengslum við grenndarsamfélaginu. Skipuleggja hugarflugsfund með foreldrum og nemendum um hvaða tillögur við ættum að senda til Reykjavíkurborgar um það sem getur styrkt og bætt s.s. betri hjólastanda við húsið og skipulag Mæðragarðsins. Búa til aðgerðaáætlun.

Fjórdi og síðasti fundur á árinu:

Opinn fundur sem yrði skipulagður á þriðja fundi.

4. Önnur mál

Rosalie kom með tillögu um að hafa fleiri ratleiki í skólanum (gæti styrkt hugmyndina um að nýta enn betur tengsl við grenndarsamfélagið).

Fundi slitið eftir um klukkustund.